

**Nd.**

**876. Breytingartillögur**

[146. mál]

við till. til þál. um lágmarksmöskvastærð þorskaneta og bann gegn bolfiskveiði.

Frá Guðlaugi Gíslasyni og Garðari Sigurðssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða með reglugerð, að lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta skuli frá 1. janúar 1973 eigi minni vera en sjö þumlungar. Þó skulu á svæðinu frá Horni austur um að Digranesi leyfðar veiðar með þorskfisknetum með minni möskvastærð, en þó eigi minni en 5½ þumlung.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði:

Till. til þál. um lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta.